

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	20. desember 2018
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	BM/PE/LÚ
Verkefni/tillaga:	Aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum eldri borgara 2018-2022
Þjónustubáttur:	Þjónusta fyrir eldri borgara í heimahúsum.
Stofnun/kostn.st.:	VEL 1130
Fjárhæð:	
Annað:	Sérstaklega var hugað að því hvernig aðgerðirnar hafa áhrif á eldri borgara af öllum kynjum og jaðarsetta hópa.

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Ný stefna í málefnum eldri borgara fram til ársins 2022 var samþykkt í borgarstjórn 6. mars 2018. Hún var mótuð með hliðsjón af áherslum velferðarráðs um nýsköpun, notendasamráð, heilsueflingu, velferðartækni, forvarnir og endurhæfingu í daglegu lífi. Í stefnunni er lögð áhersla á Reykjavík sem aldursvæna og heilsueflandi borg sem tekur mið af þörfum allra íbúa. Sýn Reykjavíkurborgar er að eldri borgarar eigi að ráða sér sjálfir og að öll aðstoð taki mið af því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kys. Aðgerðaáætlunin vegna stefnunnar tekur mið af því að efla félagsauð í hverfum með því að stuðla að þátttöku borgarbúa og samstarfi allra hagsmunaaðila. Veitt verður þjónusta fyrir eldri borgara sem eru félagslega einangraðir og þurfa hvatningu og stuðning. Matarþjónusta er elfd og sérstaklega hugað að vannæringu eldri borgara. Enn fremur er lögð er áhersla á bættu þjónustu við heilabilaða og koma á fót sérhæfingu í tengslum við fíkniráðgjöf. Notendasamráð er aukið og fræðsla veitt um hinsegin málefni og það að eldast í nýju landi.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Allar aðgerðir voru skoðaðar m.t.t. þess hvernig þær virka fyrir eldri borgara af öllum kynjum.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Eldri borgara í Reykjavík og sérstaklega þá sem þurfa þjónustu frá borginni.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Aukin vitundavakning meðal starfsmanna um jaðarhópa. Árlega verður haldin málstofa fyrir allt starfsfólk heimaþjónustu, þjónustuíbúðakjarna, dagvala og hjúkrunarheimila. Starfsfólk fær fræðslu frá Samtökunum 78 um hinsegin fólk og sérfræðingum í innflytjendamálum um það að eldast í nýju landi.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni? ¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.